

Til

formanna sóknarnefnda sókna í Breiðabólstaðarprestakalli, Melstaðarprestakalli, Skagastrandarprestakalli, Þingeyrarklaustursprestakalli, Hofsóss- og Hóluprestakalli, Sauðárkróksprestakalli, Glaumbæjarprestakalli og Miklabæjarprestakalli og **presta** og **prófasts** í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Reykjavík 11. ágúst 2021

Biskupafundur hefur s.l. nokkur ár lagt fram tillögur um sameiningar prestakalla á landsvísu. Hér með er ofangreindum sóknarnefndum, prestum og prófasti í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi gefinn kostur á að skila inn umsögnum til biskupafundar vegna tillagna um sameiningar í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.

Vígslubiskupinn í Hólastifti hefur áður kynnt þær á héraðsfundi prófastsdæmisins þann 13. júní s.l. Tillögurnar eru eftirfarandi:

Breiðabólstaðar-, Melstaðar, Skagastrandar- og Þingeyrarklaustursprestaköll sameinist í eitt prestakall, Húnavatnsprestakall, þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna.

Glaumbæjar-, Hofsóss- og Hóla, Miklabæjar-, og Sauðárkróksprestaköll sameinist í eitt prestakall er nefnist Skagafjarðarprestakall, þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna.

Fækkun presta kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en við starfslok einhvers þeirra sem nú starfa í prestaköllunum. Sú fækkun mun þó verða hvort sem sameinað verður eða ekki.

Að teknu tilliti til umsagnanna hyggst biskupafundur leggja tillögurnar fyrir kirkjuþing sem kemur saman þann 23. október næstkomandi. Í greinargerð með frumvarpinu verður málsmeðferð og athugasemdum heimamanna komið á framfæri.

Meðfylgjandi eru fylgiskjöl I og II sem tekin voru saman árið 2018 vegna sameininga prestakalla. Sameiningar hafa nú þegar átt sér stað í 7 prófastsdæmum.

Biskupafundur hvetur sóknarnefndarformenn og presta í þeim prestaköllum sem tillögurnar ná til, til að hittast og ræða saman um kosti og galla sameiningar.

Svör og viðbrögð óskast vinsamlegast send á netfangið kirkjan@kirkjan.is fyrir 7. september n.k.

Virðingarfyllst, f.h. biskupafundar



Þorvaldur Víðisson, biskupsritari.